

# SUNNUDAGS BLAÐIÐ

ÞJÓÐVILJINN

AUKABLAÐ


36

SÍÐUR

Helgin 14.-15.  
nóvember 1981 —  
256.-257. tbl.  
46. árg.

Tvö blöð  
BLAÐ  
II

Verð kr. 7.50




Þórður Ben Sveinsson myndlistarmaður

## Húsið sem klettur og borgin sem lifandi vefur

Litið við á sýningu Þórðar Ben Sveinssonar um skipulag og þróun byggðar í Reykjavík

Æ fleiri gera sér nú orðið grein fyrir mikilvægi umhverfismótunar almennt, og borgarskipulags og húsagerðarlistar sérstaklega í hinu tæknivædda þjóðfélagi nútímans, þar sem tæknipróunin virðist oft og tíðum hafa tekið frumkvæðið af mannum fyrir tilverknað innri vélgengni, þannig að hinar tæknilegu forsendur verða allsráðandi og einstaklingurinn með sínar mannlegu þarfir er gerður að óvirkum áhorfanda og endanlegu fórnarlambi skipulagsvélarinnar, sem lítur á hann sem hvert annað tæknilegt viðfangsefni eða peð á taflborði. Almenn umfjöllun um skipulagsmál hér á Íslandi hefur þó sorglega lítið náð út fyrir raðir fagmanna, og má þar kannski að einhverju leyti um kenna, að stjórnvöld og um leið fagmennirnir



Framtíðarbyggð á flugvallarsvæðinu og Alftanesi. Aðalumferðaræðarnar að miðju nýja miðbæjarins eru yfirbyggð „ylstræti“ með rafknúnum farartækjum á teinum. Á Alftanesinu er byggð raðhúsa með garðhýsi á þakinu.

sjálfir eru í umfjöllun sinni um málin lokaðir inni í þessum vífahring, þar sem hinn almenni borgari er nánast útilokaður sem mótandi áhrifaðili.

Þessi þróun hlaut þó óhjákvæmilega að leiða til

andófs, andófs sem víða í Evrópu hefur tekið á sig mynd öflugra fjöldahreyfinga umhverfisverndarmanna, hverfasamtaka, friðarsinna o.s.frv. Það sem þessari fjölpættu og bjölbreyttu andófhreyfingu er sameiginlegt er kannski fyrst og fremst það, að hún talar tungumáli sem tæknokratarnir og stofnanafulltrúarnir

eiga erfitt með að skilja, enda eru grundvallarforsendurnar aðrar. Það var því með eftirvæntingu, sem ég fór og skoðaði sýningu, sem Þórður Ben Sveinsson myndlistarmaður hefur opnað á Kjarvalsstöðum, þar sem hann setur fram hugmyndir sínar um skipulagsmál og framtíðarþróun byggingarlistar í Reykjavík. Þórður

Ben Sveinsson er þekktur af öðru en að tala á stofnanamáli. Hann var á sínum tíma einn af stofnendum Gallerí SÚM í Reykjavík, og átti þá frumkvæði að ýmsum ljóðbrænum uppkomum sem voru svo víðs fjarri hinni köldu tæknihyggu og skriffinnsku sem frekast má vera. Hann fluttist til Þýskalands fyrir 12 árum og hefur starfað þar að kennslu í sjónmenntum með myndlistarstarfinu, en fáar fréttir hafa hins vegar borist af starfi hans hingað til Íslands, fyrr en með þessari sýningu. Og það verður að segjast eins og er, að þótt margar þær hugmyndir sem Þórður setur fram á sýningu sinni kunni að virka framandi, þá er sýningin skýrt og vel fram sett og vel til þess fallin að vekja umræðu um þessi mál, umræðu sem gæti kannski orðið til þess að brúa þá gjá sem áður var lýst. — Ég náði tali af Þórði og við spjölluum eina eftirmiddagsstund saman um inntak þessarar sýningar.

### Verkefni með félagslega þýðingu

— Ég kom í stutta heimsókn hingað eftir 4 ára dvöl í Þýskalandi 1973 og fann þá að hér voru að gerast stórslys í skipulagsmálum, og þetta varð til þess að með mér vaknaði löngun til þess að fjalla um þessi mál. Sem fagmannur í sjónmenntum fann ég þarna möguleika til þess að beita mér að verkefni sem hafði félagslega þýðingu. Þetta starf mitt er enn á byrjunarstigi, en mér finnst vera knýjandi þörf fyrir að vekja umræðu um þessi mál, og því hef ég nú sett upp þessa sýningu.

Sýning Þórðar skiptist í tvennt, annars vegar setur hann fram hugmyndir sínar um skipulagsmál á Reykjavíkarsvæðinu, hins vegar setur hann fram hugmyndir um byggingarlist er miðist við íslenskar aðstæður. Hugmyndirnar eru bæði settar fram í lesmáli og myndum. Við snúum okkur fyrst að skipulagsmálunum, og vörpum fram þeirri spurningu, hvort grundvallarvandamál alls skipulags sé ekki fölgid í því að skilgreina þarfir fólksins.

Sjá næstu síðu